





Reykjavík, 4. september 2025
USK25010147

Laugavegur 1 – Byggingarleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júlí 2025 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 1. júlí 2025 þar sem sótt er um leyfi til að rífa að hluta og endurgera framhús, stækka með viðbyggingu við bakhlið og innrétta sem verslun í kjallara og jarðhæð og gistirými á efri hæð húss, mhl.01, á lóð nr. 1 við Laugaveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Laugavegi 1 borgarhluta „miðborg og er hluti af miðborgarkjarna, m1a.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir reitinn, samþykkt í borgarráði 6. mars 2003, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 1 við Laugaveg er verslunarhúsnæði byggt árið 1827 skv. fasteignaskrá. Með byggingarleyfisumsókn fylgir umsögn minjastofnunnar Íslands dags. 29. maí 2022 vegna aldurs hússins. Í umsögn minjastofnunnar er tekið jákvætt í innsenda tillögu um að endurgerð hússins.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að rífa húsið að hluta og endurgera framhús, stækka með viðbyggingu við bakhlið og innrétta sem verslun í kjallara og jarðhæð og gistirými á efri hæð húss, mhl.01, á lóð nr. 1 við Laugaveg.

Samkvæmt aðalskipulagi má ekki breyta núverandi rými í gististað á svæði m1a nema annað sé tekið fram í deiliskipulagi. Í deiliskipulagsbreytingu sem samþykkt var 4. júlí 2024 er heimilað að vera með gististað í framhúsinu á rishæð hússins, samtals má umfang gististaðarins í risi vera 250 m².



Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, samræmist ákvæði í deiliskipulagi um heimilaða gististarfssemi á reitnum.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík